

Reykjavík, 3. janúar 2019  
SFS2019010039  
151. fundur  
HG/img

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

***Efni: Tillaga um sameiningu leikskólanna Suðurborgar og Hólaborgar***

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs leggur til að leikskólarnir Suðurborg og Hólaborg verði sameinaðir í einn heildstæðan leikskóla, undir einni stjórn frá og með 1. apríl 2019 og að staða leikskólastjóra verði auglýst laus til umsóknar í febrúar 2019. Samhliða ráðningu leikskólastjóra verði myndaður innleiðingarhópur sem vinni með stjórnanda að sameiningunni og þeim breytingum á starfseminni sem henni fylgir. Í hópnum eigi sæti fulltrúar beggja starfsstöðva þ.e. fulltrúar stjórnenda og annarra starfsmanna auk fulltrúa fagskrifstofu og mannauðsskrifstofu skóla- og frístundasviðs. Hópurinn leiti samráðs og ráðgjafar foreldra og annarra aðila eftir málefnum hverju sinni. Hópurinn starfi frá 1. apríl 2019 til 1. október 2020. Jafnframt er lagt til að gerðar verði breytingar á rekstri mótuneyta leikskólanna með aukna rekstrarhagkvæmni að leiðarljósi t.d. að hádegismatur verði framleiddur í eldhúsi Suðurborgar og eldhúsið í Hólaborg verði móttökueldhús. Strax verði hafist handa, í samstarfi við umhverfis- og skipulagssvið, að meta aðstöðu í mótuneytum í báðum húsum með þetta í huga. Lagt verði mat á hvort og þá hvaða breytingar þarf að gera á aðstöðunni ásamt kostnaðarmati á aðgerðum þar með talinn kostnaður við að leggja upphitaðan stíg á milli húsanna.

**Greinargerð:**

Á fundi skóla- og frístundaráðs 13. nóvember 2018 var lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, sjá fylgiskjal, þar sem kynnt var verklag skrifstofu sviðsins þegar skipulagsbreytingar á starfsstöðvum skóla- og frístundasviðs eru teknar til skoðunar og viðmið til grundvallar varðandi mögulegar skipulagsbreytingar á starfsstöðvum skóla- og frístundasviðs.

Lagt er til að sameina leikskólana Suðurborg og Hólaborg við Suðurrhóla í Breiðholti. Tillagan byggir á þeim viðmiðum að með sameiningu verður nýr leikskóli 10 deilda með um 160 börn og með sérhæfðri ungarnadeild. Staðarhættir eru þannig að leikskólarnir standa hlið við hlið og deila bílastæði, endurbætur hafa verið gerðar á vinnuaðstöðu starfsmanna í Suðurborg sem nýtast vel sameinaðri einingu. Stöður leikskólastjóra beggja leikskólanna eru lausar frá 1. apríl nk. Ofangreind tillaga hefur verið kynnt starfandi leikskólastjórum beggja leikskólanna.

Hér verður gerð nánari grein fyrir tillögunni.

Leikskólarnir Suðurborg og Hólaborg standa við Suðurrhóla í Breiðholti þ.e. Suðurborg við Suðurrhóla 19 og 23 en Hólaborg við Suðurrhóla 21 (Sjá mynd).

Loftlína á milli húsanna er u.þ.b. 43 metrar. Lóðir leikskólanna liggja saman en aðeins girðing skilur þær að. Lóð Suðurborgar er að hluta til í halla en lóð Hólaborgar flöt og minni.

Leikskólarnir Suðurborg og Hólaborg hafa verið í margvíslegu samstarfi s.s. um mál og læsi t.d. í gegnum Breiðholtsverkefnið LÆM, í tengslum við árlega listsýningu í Hólagarði og sameiginlega starfsdaga og námskeið fyrir starfsfólk s.s. námskeið í skyndihjálpi. Þar til fyrir þremur árum voru leikskólarnir einnig með sameiginlega sumarhátíð.

Við báða leikskólana hafa aðstoðarleikskólastjórar þeirra tekið að sér að stýra leikskólunum tímabundið eftir að leikskólastjórar létu af störfum og renna tímabundnar ráðningar þeirra beggja út 31. mars 2019.



### **Suðurborg**

Suðurborg er sjö deilda leikskóli fyrir 113 börn. Sex deildir ásamt sameiginlegum rýmum eru í aðalbyggingu og ein deild í litlu húsi innan lóðar (sjá mynd). Aðalbygging leikskólans er á tveimur hæðum og sumarið 2018 var byggt við efri hæðina til að bæta aðstöðu starfsmanna og sérkennslurými og koma fyrir lyftu.

Leikskólinn Suðurborg hefur ekki gefið út skólanámskrá á grunni Aðalnámskrár leikskóla frá 2011 og ekki liggur fyrir starfsáætlun fyrir skólaárið 2018-2019 heldur greinargerð um að unnið sé á grunni starfsáætlunar 2017-2018.

Í starfi Suðurborgar er lögð áhersla á að vinna með Positive Behavior Supports (PBS) eða stuðning við jákvæða hegðun.

Á árinu 2014 fékk leikskólinn það hlutverk að vera þekkingarleikskóli/sérhæfður leikskóli vegna atferlispjálfunar einhverfra barna. Í dag eru í leikskólanum 4 börn sem njóta atferlispjálfunar vegna greiningar eða gruns um einhverfu. Viðbygging og stækkun leikskólans á árinu 2018 var ekki síst til að mæta fjölgun starfsfólks samhliða sérhæfðu hlutverki hans.

Í Suðurborg eru 53 börn af erlendum uppruna.

Í Suðurborg eru 42 starfsmenn í 33,41 stöðugildum (eldhús meðtalið). Hlutfall uppeldismenntaðra (*hlutfall leikskólakennara og annars starfsfólks með uppeldismenntun á háskólastigi í faglegu starfi, þ.m.t leikskólastjóri og sérkennsla*): **31%**

### **Hólaborg**

Hólaborg er þriggja deilda leikskóli á einni hæð fyrir 50 börn.

Skólanámskrá Hólaborgar var gefin út 2017 og byggir á Aðalnámskrá leikskóla frá 2011. Allt starf í Hólaborg tekur mið af uppruna, reynslu og félagslegri stöðu barnanna og fjölskyldna þeirra. Þegar námsleiðir eru valdar er hafti í huga hvað sé best fyrir barnið hverju sinni. Einkunnarorð Hólaborgar eru hamingja, heilbrigði og sjálfræði og leikskólastarfið grundvallast á þeirri sýn að börn séu hæf til þess að skapa sér sjálf góðar aðstæður til að vaxa í og fá aðra til að vaxa með sér. Áhersla hefur verið lögð á það síðustu ár að auka flæði í leikskólastarfinu og leggja áherslu á ferilmöppur, skráningar og hópstarf.

Í Hólaborg eru 23 börn af erlendum uppruna.

Í Hólaborg eru 19 starfsmenn í 16,82 stöðugildum (eldhús meðtalið). Hlutfall uppeldismenntaðra (*hlutfall leikskólakennara og annars starfsfólks með uppeldismenntun á háskólastigi í faglegu starfi, þ.m.t leikskólastjóri og sérkennsla*): **28,5%**

### **Yngstu börnin**

Með sameiningu leikskólanna skapast möguleiki á að gera þá breytingu á innra starfi leikskólans að aldursskipta börnum í húsin þ.e. að eldri börnin verði í Suðurborg en yngri börnin í Hólaborg. Slík breyting hefur t.d. verið gerð í leikskólunum Laugasól, Langholti, Holti og Hálsaskógi með góðum árangri. Í yngri barna einingunni er í auknum mæli hægt að miða allt starf og námsumhverfi að þörfum yngstu barnanna og efla á sama hátt starf elstu barnanna með fjölbreyttari valkostum og félagavali.

Í lokaskýrslu stýrihópsins Brúum bilið (2018) var sett fram áætlun um að opna á árinu 2019 ungbarnadeild við leikskólann Suðurborg en þar dvelja núna 14 börn á öðru aldursári (þ.e. fædd 2017) og þar af 10 börn sem ekki verða 2 ára fyrr en vorið 2019. Í Hólaborg eru 5 árgömul börn og það yngsta fætt í nóvember 2017. Í þessum tveimur leikskólum eru því 21 barn sem ekki er orðið 2 ára.

Leikskólinn Suðurborg er stór leikskóli á tveimur hæðum. Lóð leikskólans er einnig nokkuð stór og hallar niður í átt að Hólaborg. Hólaborg er minni eining á einni hæð og lóð leikskólans er flöt og töluvert minni en lóð Suðurborgar. Það má því segja að Hólaborg henti betur sem yngri barna eining en Suðurborg, þar er nándin meiri og lóðin heldur betur utan um ung börn en lóð Suðurborgar.

### **Börn af erlendum uppruna**

Í Suðurborg eru í dag 53 börn af erlendum uppruna og 23 börn í Hólaborg. Leikskólarnir fá því úthlutað hlutfalli af stöðugildi á grunni úthlutunarreglu um að eftir að börn af erlendum uppruna verða 15 eða fleiri reiknast 1,33 % af stöðugildi á hvert barn. Þá koma inn í reikniregluna öll börn af erlendum uppruna þ.e. líka þau 15 fyrstu. Samkvæmt reiknireglunni gefa hver 75 börn heilt stöðugildi og það viðmið næst í hinum sameinaða leikskóla miðað við fjölda barna af erlendum uppruna eins og hann er í dag.

## **Mötuneyti**

Með sameiningu leikskólanna skapast möguleikinn til að gera þær breytingar varðandi mötuneyti að hádegismatur verði framleiddur í eldhúsi Suðurborgar og eldhúsið í Hólaborg verði móttökueldhús. Þannig verði allar máltíðir framreiddar í Hólaborg en undir stjórn matráðs sem starfa myndi í eldhúsi Suðurborgar. Slíkt gæti kallað á endurbætur á mötuneytinu auk þess sem leggja þyrfti upphitaðan stíg á milli húsanna.

Í dag er rekstri mötuneyta leikskólanna þannig háttað að leikskólinn Suðurborg kaupir þjónustu af Sölufélagi garðyrkjumanna en í Hólaborg er starfandi matráður í eldhúsi. Í Suðurborg er úthlutað 2,65 stöðugildum vegna eldhúss en til Hólaborgar einu stöðugildi. Þessi staða gerir nýjum stjórnanda fært að gera breytingar á rekstri eldhússins annað hvort með því að yfirmaður í eldhúsi Hólaborgar taki að sér stjórnun heildstæðs mötuneytis beggja starfsstöðva með aðstoðarfólki í 1,25 stöðugildum eða að gerðar verði breytingar á samningi við Sölufélag garðyrkjumanna í þá veru að þeir þjónusti báðar starfsstöðvar.

## **Sameining leikskólanna**

Í nýlegri skýrslu Önnu Magneu Hreinsdóttur um sameininngar leikskóla (2018) kemur fram að einn helsti áhrifavaldur á farsæla sameiningu leikskóla geti verið landfræðileg nálægð (bls. 38, 123). Á árinu 2011 voru sameinaðir nokkrir leikskólar þar sem staðhættir eru sambærilegir við það sem gerist við leikskólana við Suðurrhóla. Þetta eru t.d. leikskólarnir Laugasól, Langholt, Holt og Hálsaskógur en þar hafa orðið til öflugar starfseiningar.

Í áðurnefndir skýrslu um úttekt á sameiningum leikskóla kemur einnig fram að markmið um samnýtingu starfsfólks á milli starfsstöðva hafi helst náð fram að ganga í þeim leikskólum þar sem staðhættir og nálægð húsa svarar til þess sem er í leikskólunum við Suðurrhóla.

Bent er á að í úttektarskýrslu Önnu Magneu kemur fram að ekki er marktækur munur á niðurstöðum starfsmannakannana í sameinuðum leikskólum borið saman við þá leikskóla sem ekki hafa verið sameinaðir og veikindi mælast eilítið lægri í sameinuðum leikskólum núna en þeim sem ekki hafa verið sameinaðir. Viðhorf foreldra hafa haldist jákvæð eftir sameiningu leikskólanna sem sýnir að starfsfólk hefur náð að inna starfs sitt vel af hendi.

Hólaborg er einn af fámennustu leikskólum borgarinnar en þar geta verið 50 börn. Í viðmiðum um stærð nýbyggðra leikskóla sem hefur verið í undirbúningi undanfarið er talað um að leikskóli ætti að vera 6 – 10 deilda eða 120 – 200 barna. Ef af sameiningu Suðurborgar og Hólaborgar verður þá verður hann 10 deilda með 163 börn. Á árinu 2020, eftir 7% lækkun rekstrarleyfa, verða börnin 112 í Suðurborg og 48 Hólaborg eða samtals 160 en sú stærð fellur vel innan þeirra marka um barnafjölda sem unnið er að.

## **Kostnaðarmat**

Í leikskólum tekur úthlutun vegna ákveðinna starfsheita mið af heildarfjölda barna í leikskólanum; þessi starfsheiti eru:

- **Leikskólastjóri** en launasetning hans og starfsheiti tekur mið af heildarfjölda barna í leikskólanum auk þess sem leikskólastjórar í sérhæfðum leikskólum hafa raðast einu starfsheiti ofar vegna sérhæfingarinnar.
- **Aðstoðarleikskólastjóri.** Launasetning, starfsheiti og stjórnunarhlutfall (þ.e. tími aðstoðarleikskólastjóra utan viðveru starfs á deild) tekur mið af heildarfjölda barna auk

Þess sem aðstoðarleikskólastjórar í sérhæfðum leikskólum hafa raðast einu starfsheiti ofar vegna sérhæfingarinnar.

- **Sérkennslustjóri.** Starfshlutfall tekur mið af fjölda barna í leikskóla og er 1 stöðugildi í leikskólum yfir 100 börnum. Sérhæfðir leikskólar borgarinnar eru þrír þ.e. Múlaborg, Sólborg og Suðurborg og þeim hefur verið úthlutað tveimur heilum stöðugildum sérkennslustjóra vegna sérhæfingarinnar en tvö stöðugildi eru hámarks úthlutun vegna þessa starfsheitis.
- **Matráður og aðstoð í eldhúsi.** Stöðugildi taka mið af heildarfjölda barna í leikskóla og fjölda mötuneyta.

Hér fyrir neðan má sjá hvernig ramminn vagna þessara starfsheita lítur út í leikskólunum Suðurborg og Hólaborg í dag.

Suðurborg í dag	Hlutfall	Laun og lt.gjöld
Leikskólastjóri 7	100%	1.023.000
Aðstoðarleikskólastjóri 7*	75%	585.000
Sérkennslustjóri	200%	1.340.000
Matráðar	100%	515.000
Aðstoð í eldhúsi	165%	693.000
<b>Heildarkostnaður á mánuði</b>		<b>4.156.000</b>
<b>Heildarkostnaður á ári</b>		<b>49.872.000</b>
*Laun vegna stjórnunarhluta		

  

Hólaborg í dag	Hlutfall	Laun og lt.gjöld
Leikskólastjóri 3	100%	812.000
Aðstoðarleikskólastjóri 3*	15%	104.250
Sérkennslustjóri	75%	502.500
Matráðar	100%	515.000
Aðstoð í eldhúsi	0%	0
<b>Heildarkostnaður á mánuði</b>		<b>1.933.750</b>
<b>Heildarkostnaður á ári</b>		<b>23.205.000</b>
*Laun vegna stjórnunarhluta		

Hér fyrir neðan er varpað upp tveimur mögulegum sviðsmyndum af áhrifum sameiningarinnar á störf í leikskólanum sem taka mið af heildarfjölda barna þ.e. leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra, sérkennslustjóra, matráðs og aðstoðar í eldhúsi.

### Sviðsmynd 1.

Verði af sameiningu leikskólanna ætti rammi hins sameinaða leikskóla að líta út eins og sviðsmynd 1 sýnir. Í henni felst að við leikskólann starfi einn leikskólastjóri og einn aðstoðarleikskólastjóri sem flokkast, miðað við barnafjölda, sem leikskólastjóri 7 og aðstoðarleikskólastjóri 7 skv. kjarasamningi við Félag stjórnenda leikskóla (FSL). Vegna sérhæfingar leikskólans raðast leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri starfsheiti ofar en samningur kveður á um eða sem leikskólastjóri 8 og aðstoðarleikskólastjóri 8. Sameinaðir leikskólar Reykjavíkurborgar hafa jafnframt fengið úthlutað til viðbótar 25% af stöðugildi til stjórnunar. Þeirri viðbót getur leikskólastjóri ráðstafað að vild s.s. til að auka stjórnunarhlutfall aðstoðarleikskólastjóra, nýtt til skrifstofustarfa, húsvörslu eða annars eftir mati stjórnandans. Í 160 barna leikskóla ætti staða sérkennslustjóra að vera 1 stöðugildi en vegna sérhæfingar



leikskólans verða stöðugildin tvö en það er hámarks úthlutun vegna þessa starfsheitis í einn leikskóla. Að lokum gerir ramminn ráð fyrir einum yfirmanni í eldhúsi auk aðstoðarfólks.

Sviðsmynd 1 felur í sér hagræðingu upp á tæplega 15 milljónir á ári.

Sviðsmynd 1: Suðurborg og Hólaborg	Hlutfall	Laun og lt.gjöld
Leikskólastjóri 8	100%	1.150.000
Aðstoðarleikskólastjóri 8*	90%	729.000
Viðbótarstjórnun vegna tveggja húsa	25%	182.250
Sérkennslustjóri	200%	1.340.000
Matráður	100%	515.000
Aðstoð í eldhúsi	225%	945.000
<b>Heildarkostnaður á mánuði</b>		<b>4.861.250</b>
<b>Heildarkostnaður á ári</b>		<b>58.335.000</b>
*Laun vegna stjórnunarhluta		
<b>Hagræðing á ári</b>		<b>14.742.000</b>

## Sviðsmynd 2

Önnur sviðsmynd væri að standa vörð um það faghlutfall starfsmanna sem kemur að störfum með börnum á deild með sólarlagsákvæði á störfum aðstoðarleikskólastjóra eins og þau eru í dag. Það þýðir að hvor aðstoðarleikskólastjóri tekur laun og stjórnunarhlutfall í samræmi við þá starfsstöð sem hann vinnur í, í dag. Eins og í sviðsmynd 1 fær leikskólinn 25% viðbótarstjórnun sem leikskólastjóri getur ráðstafað að vild s.s. til að auka stjórnunarhlutfall aðstoðarleikskólastjóra, nýtt til skrifstofustarfa, húsvörslu eða annars eftir mati stjórnandans.

Sviðsmynd 2 felur í sér hagræðingu upp á rúmar 15 milljónir á ári.

Sviðsmynd 2: Suðurborg og Hólaborg	Hlutfall	Laun og lt.gjöld
Leikskólastjóri 8	100%	1.150.000
Aðstoðarleikskólastjóri 7*	75%	585.000
Aðstoðarleikskólastjóri 3*	15%	104.250
Viðbótarstjórnun vegna tveggja húsa	25%	146.250
Sérkennslustjóri	200%	1.340.000
Matráður	100%	515.000
Aðstoð í eldhúsi	225%	945.000
<b>Heildarkostnaður á mánuði</b>		<b>4.785.500</b>
<b>Heildarkostnaður á ári</b>		<b>57.426.000</b>
*Laun vegna stjórnunarhluta		
<b>Hagræðing á ári</b>		<b>15.651.000</b>

## SVÓT-greining

### Styrkleikar og tækifæri með sameiningunni:

- Leikskólarnir standa nærri hvor öðrum og lóðir þeirra liggja saman.
- Stöður leikskólastjóra beggja leikskólanna eru lausar frá 1. apríl n.k.
- Byggt hefur verið við leikskólann Suðurborg til að bæta starfsmannaaðstöðu og taka framkvæmdirnar til skrifstofu leikskólastjóra, kaffistofu, undirbúningsrýmis og vinnuaðstöðu starfsfólks auk fundar-, viðtals- og sérkennslurýma. Starfsmannaaðstaða

þar er því orðin eins og best verður á kosið. Í Hólaborg er starfsmannaaðstaða bágborin og fjárfestingin við Suðurborg myndi nýtast í stærra samhengi.

- Leikskólinn Hólaborg gæti hentað vel sem yngri barna eining sambærileg við það sem er í Hálsaskógi, Langholti og Laugasól.
- Gera má þær breytingar varðandi mötuneyti að hádegisverður verði framleiddur í eldhúsi Suðurborgar og að eldhús Hólaborgar verði móttökueldhús. Þannig verði allar máltíðir framreiddar í Hólaborg en undir stjórn matráðs sem starfa myndi í eldhúsi Suðurborgar.
- Barnafjöldi fellur innan viðmiða um áætlanir um stærð leikskóla.

**Veikleikar og ógnanir við sameininguna:**

- Nokkur hugmyndafræðilegur munur er í starfi leikskólanna þar sem annar vinnur með atferlisþjálfun en hinn með flæði, ferilmöppur og skráningar.
- Breytingar á stöðugildum fagaðila eins og aðstoðarleikskólastjóra og sérkennslustjóra kann að hafa þau áhrif að faghlutfall í leikskólanum lækkar frá því sem nú er.
- Óvissa um störf matráðs í Hólaborg og rekstur mötuneytis sameiginlegs leikskóla.
- Hugsanleg andstaða við breytingarnar.

**Málsmeðferðartillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna**

Skóla- og frístundaráð samþykkir að vísa tillögu varðandi sameiningu leikskólanna Hólaborgar og Suðurborgar til umsagnar foreldraráða og foreldrafélaga leikskólanna. Tillagan verði jafnframt kynnt fyrir starfsmönnum leikskólanna og þeim gefinn kostur á að leggja fram umsagnir um hana.





Reykjavík 12. nóvember 2018  
SFS2018080061  
147. fundur  
HG/adg

## MINNISBLAÐ

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

---

***Efni: Viðmið skrifstofu skóla- og frístundasviðs sem eru höfð til grundvallar varðandi mögulegar skipulagsbreytingar á starfsstöðvum skóla- og frístundasviðs***

Á fundi skóla- og frístundaráðs 21. ágúst 2018 var samþykkt svohljóðandi tillaga:

Skóla- og frístundaráð felur sviðsstjóra að taka saman yfirlit um helstu tækifæri til skipulagsbreytinga á sviðinu sem stuðlað geta að betri nýtingu mannauðs og fjármagns með gæði þjónustu að leiðarljósi. Nýttar verði þær tillögur og ábendingar sem komið hafa fram í greiningum sviðsins á undanförunum árum og tryggt að leitað verði sjónarmiða stjórnenda á vettvangi. Mótaðar verði tillögur um hvaða viðmið skuli liggja til grundvallar þegar skipulagsbreytingar á einstökum starfsstöðvum skóla- og frístundasviðs eru teknar til skoðunar. Tillögur verði lagðar fram fyrir 1. nóvember 2018.

Verklag á skrifstofu skóla- og frístundasviðs verður með eftirfarandi hætti þegar skipulagsbreytingar á starfsstöðvum skóla- og frístundasviðs eru teknar til skoðunar.

Á skrifstofu skóla- og frístundasviðs skal árlega skoða möguleg tækifæri til skipulagsbreytinga sem stuðlað geta að betri nýtingu mannauðs og fjármagns með gæði þjónustu að leiðarljósi hjá starfsstöðvum sviðsins. Slíkar tillögur skulu kynntar skóla- og frístundaráði eigi síðar en í upphafi árs.

Tillögurnar geta snúið að starfseiningum sviðsins sem falla undir skóla- og frístundaráð. Einnig getur verið um að ræða starfsemi sem heyrir undir fleiri svið borgarinnar og falla því undir fleiri fagráð og/eða borgarráð.

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs leggur fram tillögu/minnisblað á fundi skóla- og frístundaráðs ef metið er samkvæmt viðmiðunum möguleg skipulagsbreyting á starfsstöðvum. Sviðsstjóri hefur áður en tillagan/minnisblaðið er lagt fram kynnt stjórnendum starfsstöðva er um ræðir að mál sé í skoðun.

Skóla- og frístundaráð ákveður, á grundvelli tillögunnar/minnisblaðsins, hvort sviðsstjóra verði falið að stofna starfshóp með hagsmunaaðilum sem rýnir þau gögn sem liggja til grundvallar tillögunni/minnisblaðinu og komi með tillögur að útfærslu sem lögð verði fyrir skóla- og frístundaráð til afgreiðslu.

Vandasamt er að setja fram afdráttarlaus viðmið því staða starfsstöðva og staðarhættir eru misjafnir og mikilvægt að raddir hagsmunaaðila komi inn í vinnsluferli þegar skipulagsbreytingar eru til skoðunar. Eftirfarandi viðmið hafa verið kynnt samráðum leikskólastjóra, grunnskólastjóra og framkvæmdastjórum frístundamiðstöðva. Viðmiðin verða höfð til grundvallar þessari vinnu út árið 2018 og árið 2019 og verða svo endurskoðuð í ljósi reynslunnar. Endurskoðuð viðmið verða kynnt skóla- og frístundaráði í upphafi árs 2020.

### **Viðmið til grundvallar varðandi mögulegar skipulagsbreytingar á starfsstöðvum skóla- og frístundasviðs**

Markmiðið er að allar stofnanir skóla- og frístundasviðs séu fjárhagslega og faglega sjálfbærar. Staða starfsstöðva sviðsins er misjöfn, svo sem hvað varðar stærð og staðarhætti og því mikilvægt að hafa viðmið er taka til þess þegar metið er hvort leggja eigi til skipulagsbreytingu.

### **Nýbyggingar og viðbyggingar**

Nýbyggingar leikskóla skulu að jafnaði vera 6-10 deilda undir einu þaki. Miðað er við að í hverjum leikskóla sé ein sérhæfð ungbarnadeild, að ungbarnadeildir séu fyrir 12-16 börn, miðdeildir 16-20 börn og elstu barna deildir 20-24 börn. Heildarfjöldi barna verði á bilinu 120-200.

Nýbyggingar heildstæðra grunnskóla skulu að jafnaði vera fyrir 550-650 nemendur.

Við hvern grunnskóla skal gert ráð fyrir aðstöðu fyrir frístundaheimili og félagsmiðstöð í samræmi við barnafjölda í viðkomandi skóla, sbr. skilgreiningu á rýmisþörf frístundaheimila og félagsmiðstöðva Reykjavíkurborgar og einnig Byggingareglugerð nr. 112/2012 gr. 6.9.3.

Þegar metin er þörf fyrir nýbyggingar eða viðbyggingar skal skoða, með tilliti til viðmiðanna hér að neðan, hvort litlum einingum í nágrenni verði lokað og starfsemin færð inn í nýbygginguna/viðbygginguna.

### **Stærð starfseininga**

Horft skal til stærðar starfseininga með tilliti til hagkvæmni í rekstri og nýtingu aðstöðu, svo sem mötuneytis, íþrótta-, list- og verkgreinarmis, stjórnunarspannar, faglegs starfs, aðalnámskráa leikskóla og grunnskóla og starfsskrár frístundastarfs. Mikilvægt er að horfa til þróunar barnafjölda á einstakri starfstöð yfir tíma en ekki tilfallandi fækkun/fjölgun.

Að jafnaði skal miða við að: Leikskólar séu að lágmarki 60-80 barna (rekstrarleyfi); Heildstæðir grunnskólar (hvort heldur er eining í sameinuðum skóla eða stakstæður) séu að lágmarki 200 barna, eða 140 barna ef skólinn er fyrir 1. – 7. bekk; Frístundaheimili við grunnskóla þjónusti

að lágmarki 60 börn, félagsmiðstöð fyrir 5. – 7. bekk 60 börn og félagsmiðstöð fyrir 8. – 10. bekk 60 unglinga.

### **Staðarhættir**

Stefnt skal að því að yngsta stig grunnskóla sé í nærumhverfi íbúa Reykjavíkur, sem hluti af grunnskóla eða í samreksnum leik- og grunnskóla. Frístundaheimili skulu starfrækt við alla yngri barna grunnskóla. Undantekning frá þessu getur verið ef fámenni er svo mikið að ekki séu fjárhagslegar eða faglegar forsendur til að reka eininguna.

Hverfi í mikilli fjarlægð frá öðrum hverfum, svo sem Kjalarnes, hafa sérstöðu sem taka skal tillit til.

Taka skal tillit til fjarlægða (göngu, aksturs og strætósamgangna) á milli starfseininga þegar gerðar eru tillögur að sameiningu.

Horft skal til lýðfræði hverfa þegar gerðar eru tillögur að skipulagsbreytingum.

### **Sérfræðipækking**

Þegar horft er til þjónustu sem SFS veitir fyrir hönd Reykjavíkur skal horft til þess að starfsemin falli að sérfræðipækkingu sviðsins sem er skóla- og frístundastarf fyrir börn og ungmenni á aldrinum 1-15/18 ára. Það tryggir að hægt sé að ná utan um starfsemina á heildrænan hátt og stýra henni út frá lögum, reglum og samþykktum, menntastefnu og frístundastefnu Reykjavíkurborgar og annarri stefnumörkun borgarinnar.

### **Aðrir þættir og tímasetningar**

Upp geta komið aðstæður, svo sem skipulagsbreytingar annars staðar í borgarkerfinu eða breytingar í hópi stjórnenda starfsstöðva skóla- og frístundasviðs sem líta skal til varðandi mögulegar skipulagsbreytingar á starfsstöðvum sviðsins.